

Greinargerð útgáfa rekstrarleyfis FE-1106

1. Almennt

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. (kt. 630169-2249), Hnífdalsbryggju, 410 Hnífsdal, er með rekstrarleyfi (FE-1090/IS-36003) fyrir sjókvíaeldi á 1.600 tonnum af þorski og 400 tonnum af regnbogasilungi í Álftafirði og Seyðisfirði í Ísafjarðardjúpi. Háafell ehf. (kt. 520199-3149) sem er í fullri eigu Hraðfrystihússins Gunnvarar hf. sótti um stækkun á fyrrnefndu rekstrarleyfi í 6.800 tonn af regnbogasilungi og 200 tonn af þorski, samtals 7.000 tonn. Umsókn um rekstrarleyfi var móttækin 16. apríl 2015 og lögð fram að nýju 17. ágúst 2018. Í umsókninni felst að eldra leyfi FE-1090/IS-36003 verður fellt niður við útgáfu nýs rekstrarleyfis og leyfið gefið út á Háafell.

Hafrannsóknastofnun hefur unnið bæði burðarþolsmat og áhættumat fyrir fiskeldi á Íslandi. Burðarþolsmat í Ísafjarðardjúpi er 30.000 tonn og áhættumatið gerir ekki ráð fyrir frjóum laxi á hafssvæðinu. Burðarþolsmatið fyrir hafssvæðið gerir ráð fyrir að heildarlífmassi eldis verði aldrei meiri en 30.000 tonn og að vöktun á áhrifum eldisins fari fram. Slík vöktun er forsenda fyrir hugsanlegu endurmati á burðarþoli hafssvæðisins, til hækkunar eða lækkunar, sem byggt yrði á raungögnum. Einnig er Hafrannsóknastofnun gert að vakta lífrænt álag þeirra svæða sem þegar hafa verið metin til burðarþols og endurskoða matið svo oft sem þurfa þykir að mati stofnunarinnar.

Háafell mun stunda kynslóðaskipt sjókvíaeldi á regnbogasilungi og þorski á þremur sjókvíaeldissvæðum í Ísafjarðardjúpi. Sjókvíaeldissvæði A inniheldur þrjú eldissvæði í Álftafirði, þrjú eldissvæði í Seyðisfirði og þrjú eldissvæði í Skötufirði. Sjókvíaeldissvæði B inniheldur tvö eldissvæði í Mjóafirði og þrjú eldissvæði í Ísafirði. Sjókvíaeldissvæði C inniheldur þrjú eldissvæði við Bæjarhlíð.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn eru sem stofnuninni ber að óska eftir skv. 8. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og 12. gr. reglugerðar nr. 1170/2015 um fiskeldi og staðfestir að þau tellist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 12. nóvember 2019 til 12. desember 2019 skv. 10. gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og bærust sex athugasemdir vegna tillögunnar.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

2.1 Inngangur

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. lagði fram matsskýrslu til Skipulagsstofnunar í febrúar 2015 og var álit Skipulagsstofnunar gefið út þann 1. apríl 2015. Háafell ehf. sem er í fullri eigu Hraðfrystihússins Gunnvarar hf. vann síðar viðbót við matsskýrslu vegna valkosta framkvæmdarinnar, einkum hvað varðar núllkost, staðsetningar kvía, umfang eldis, landeldi, lokaðar kvíar, eldisferil, geldfisk eða hrygnustofna og valinn kost.

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun kemur fram að hann hafi leyfi til framleiðslu á 2.000 tonnum af þorski í Ísafjarðardjúpi. Án þess að aðrir kostir séu tilgreindir segir að stefnt sé að því að auka framleiðslu og hefja eldi á 6.800 tonnum af regnbogasilungi og 200 tonnum af þorski. Í frummatsskýrslu og matsskýrslu framkvæmdaraðila var einungis settur fram þessi eini kostur.

Þrátt fyrir að viðurkennt sé að framkvæmdaraðili hafi ákveðið forræði á framkvæmd sinni, er nauðsynlegt að ákvæðum um valkostagreiningu sé sinnt og fram fari hlutlægur samburður umhverfisáhrifa mismunandi valkosta. Að lokinni málsmeðferð eiga að liggja fyrir upplýsingar um umhverfisáhrif þannig að Matvælastofnun geti sem leyfisveitandi gert sér grein fyrir því hver þau eru þegar stofnunin tekur umsókn til meðferðar.

Aðstæður eru með þeim hætti og fyrirhuguð framkvæmd er þess eðlis að umfjöllun um grunnástand umhverfisþátta og samfélagsþátta gefur til kynna hvaða áhrif það hefur á umhverfið og samfélagið ef ekki verður af framkvæmdinni eins og fyrirtækið hefur sótt um leyfi fyrir. Matvælastofnun telur því að umfjöllun um núllkost komi fram í gögnum sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila.

Í matsskýrslunni kemur fram að gerðar voru breytingar á útfærslu framkvæmdarinnar með tilliti til staðsetninga þegar umhverfismatsferlið leiddi í ljós möguleika til að draga úr umhverfisáhrifum eldisins. Hvað varðar umfang eldisins, þá sneri vinnan við matsferlið að því að miða við hámarksframleiðslu við það árgangssvæði sem var með minnsta burðarþolið. Matvælastofnun telur framangreind sjónarmið málefnaleg sem og það sjónarmið framkvæmdaraðila að notast við regnbogasilung (hrygnustofn) sem ekki getur fjölgað sér. Enda eru þessi sjónarmið til þess fallin að takmarka verulega óæskileg umhverfisáhrif af eldinu. Stofnunin telur að með því að notast við þessa kosti hafi farið fram ákveðin greining á valkostum.

Í kjölfar úrskurða þar sem reyndi á gildi valkostagreininga og að beiðni Umhverfisstofnunar vann framkvæmdaraðili, áður en til leyfisveitinga kom, viðbótargreinargerð þar sem fjallað var nánar um valkosti við framkvæmdina sem barst Matvælastofnun 14. desember 2019. Matvælastofnun óskað eftir umsögn Skipulagsstofnunar um það hvort stofnunin teldi þörf á að gefa út nýtt álit vegna framkvæmdarinnar í ljósi nýrra gagna. Umsögn vegna viðbótargreinargerðar barst frá Skipulagsstofnun þann 11. júlí 2019. Skipulagsstofnun mat það svo að ekki væri nauðsyn á nýju mati í ljósi viðbótargreinargerðar framkvæmdaraðila.

Matvælastofnun telur að fyrirtækið hafi fært fullnægjandi rök fyrir af hverju tilteknir valkostir voru útilokaðir eða taldir óraunhæfir og að þau sjónarmið sem fyrirtækið færir fyrir vali á framkvæmdakosti og útilokun annarra kosta málefnaleg og hlutlæg.

Matvælastofnun hefur farið yfir matsskýrslu framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar, m.t.t. þess hvort umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hafi verið lýst með fullnægjandi hætti. Háafell vann viðbót við matsskýrslu vegna valkosta framkvæmdarinnar, einkum hvað varðar núllkost, staðsetningar kvía, umfang eldis, landeldi, lokaðar kvíar, eldisferil, geldfisk eða hrygnustofna og valinn kost og voru viðbótarupplýsingarnar birtar opinberlega með tillögu að rekstrarleyfi. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér matsskýrslu fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, niðurstöður álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, ásamt viðbót og umsögn Skipulagsstofnunar um viðbót sem og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

Við útgáfu rekstrarleyfisins mun Matvælastofnun notast við burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar sem takmarkar lífmassa í fiskeldi fyrir tiltekin svæði vegna lífræns álags. Umsókn Háafells snýr eingöngu að útgáfu rekstrarleyfis fyrir regnbogasilung og þorsk og þ.a.l. á áhættumat Hafrannsóknarstofnunar vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi ekki við. Með því að stunda sjókvíaeldi sem rúmast innan burðarþolsmats og notast við eldisbúnað sem stenst ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó þá er verið að stuðla að ábyrgu fiskeldi sem tryggir verndun villtra nytjastofna og kemur í veg fyrir spjöll á þeim og lífríki þeirra.

Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram að Skipulagsstofnun telji að við leyfisveitingar þurfi að setja skilyrði um að eldisbúnaður uppfylli kröfur sem settar eru í staðlinum NS 9415:2009 og að vöktun á uppsöfnun lífræns úrgangs á sjávarbotni undir og við eldiskvíar byggji á staðlinum ISO 12878. Við eldið mun Háafell notast við eldisbúnað sem stenst kröfur NS 9415:2009 skv. lögum og reglugerð um fiskeldi. Jafnframt mun vöktun á uppsöfnun lífræns úrgangs á sjávarbotni undir og við eldiskvíar byggja á ISO 12878.

2. 2 Eðliseiginleikar og burðarþol sjávar

Álit Skipulagsstofnunar vegna framkvæmdarinnar er gefið út 1. apríl 2015 og á þeim tíma lá ekki fyrir burðarþolsmat fyrir Ísafjarðardjúp. Háafell hafði þó fengið samþykki atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til þess að notast við niðurstöður reiknilíkans (FjordEnv og DEPOMOD) og LENKA viðtakamats fyrir Seyðisfjörð og Álftafjörð. Reiknilíkanið leiddi í ljós að mun betri eldisaðstæður séu utan við ytri þröskuldinn í Álftafirði og utan við þröskuld í Seyðisfirði. Helsta niðurstaða LENKA viðtakamats hafi verið að burðarþol á fyrirhuguðum árgangasvæðum Háafells í Ísafjarðardjúpi, innan línu milli Æðeyjar og Kambsness við Álftafjörð sé um 13.000 tonn. Burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar, sem gefið var út 10. mars 2017, gerir ráð fyrir allt að 30.000 tonna lífmassa í eldi á hverjum tíma í Ísafjarðardjúpi. Skipulagsstofnun telur að fyrir liggja að eldissvæði munu liggja að miklu leyti móti opnu Ísafjarðardjúpi þar sem dýpi er umtalsvert, straumar viðunandi og þröskuldar á botni ekki til staðar.

Framkvæmd Háafells gerir ráð fyrir 7.000 tonnum af eldisfiski í innanverðu Ísafjarðardjúpi. Fyrir eru í gildi rekstrarleyfi fyrir 200 tonna framleiðslu við Snæfjallaströnd, 200 tonna framleiðslu í Skötufirði og 200 tonna framleiðslu í Skutulsfirði. Fyrir liggur umsókn um stækkun á 200 tonna rekstrarleyfi við Snæfjallaströnd í 5.300 tonn og 700 tonn í Skutulsfirði. Þá liggja fyrir umsóknir um rekstrarleyfi vegna fiskeldis í Ísafjarðardjúpi fyrir samtals 36.300 tonnum en þær framkvæmdir eru enn í umhverfismatsferli hjá Skipulagsstofnun.

Skipulagsstofnun bendir á að það er álit Hafrannsóknastofnunar að fyrirhugað eldi muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Með hliðsjón af umfangi viðtakans og að fyrirsjáanleg framleiðsla Háafells og annarra aðila verði vel undir áætlaðri burðargetu svæðisins þá telji Skipulagsstofnun að áhrif starfseminnar á burðarþol svæðisins verði óveruleg og neikvæð áhrif afturkræf ef starfseminni verði hætt. Einnig tekur Skipulagsstofnun undir með Umhverfisstofnun um að takmarka beri eldi innan þröskulda í Álftafirði og Seyðisfirði, eins og Háafell áformar, og byggja eigi starfsemi þar á niðurstöðum vöktunar.

Í álit Skipulagsstofnunar sem kemur fram að stofnunin telji ekki að sýnt sé fram á að fiskeldi Háafells muni valda neikvæðum áhrifum á lífríki í og við fjöru sem takmarka muni möguleika landeiganda til nýtingar innan netalaga. Einnig telur Skipulagsstofnun að neikvæð áhrif vegna uppsöfnunar lífræns úrgangs á sjávarbotn verði takmarkað svæði nærri eldisstað og ekki sé líklegt að það hafi neikvæð áhrif á lífríki í og við fjöru.

Matvælastofnun tekur undir framangreind sjónarmið sem koma fram í álit Skipulagsstofnunar og telur að áhrif starfseminnar á burðarþol svæðisins verði óveruleg og neikvæð áhrif verði afturkræf ef starfseminni verði hætt. Matvælastofnun tekur einnig undir með Umhverfisstofnun um að starfsemin byggji á niðurstöðum vöktunar á hverjum tíma.

2.3 Lífríki á hafsbotni

Matvælastofnun tekur undir með Skipulagsstofnun að undir öllum kringumstæðum sé mikilvægt að fylgt sé áætlun um hvíld árgangasvæða og þar með hvíld sjávarbotns undir sjókvíum. Í ljósi umfangs telur Skipulagsstofnun að áhrif á botndýralíf undir eldiskvíum og næsta nágrenni þeirra verði talsvert neikvæð en taki ekki til umfangsmikils svæðis en fjær verði áhrifin nokkuð neikvæð. Áhrifin verða þannig staðbundin og ráðast af umhverfisaðstæðum á hverjum stað, eru afturkræf að hluta (hvíld eldissvæða) eða alveg verði eldinu hætt. Matvælastofnun er sammála sjónarmiðum Skipulagsstofnunar varðandi umsögn Umhverfisstofnunar um að vöktunaráætlun og afmörkun á magni á framleiðslu sé mikilvægt að horfa til umhverfissjónarmiða á hverjum stað og hvíld eldissvæða stjórnist af raunástandi botndýralífs. Skipulagsstofnun telur að flokkunarkerfi um álag af völdum mengunar á sjávarbotni undir sjókvíum og viðbrögð í samræmi við niðurstöður vöktunar sé verkfæri sem tryggir ásættanlegt álag miðað við umhverfisaðstæður á hverjum stað. Skipulagsstofnun tekur undir tillögu Háafells, sem studd er af Hafrannsóknastofnun, um að Umhverfisstofnun útbúi flokkunarkerfi sem tilgreinir flokka sem lýsa ástandinu undir sjókvíum ásamt viðeigandi viðbrögðum í kjölfarið. Matvælastofnun telur mikilvægt að skýrt sé kveðið á um vöktun á uppsöfnun lífræns úrgangs á sjávarbotni undir og við eldiskvíar og áhrifum á botndýralíf og að skilgreind verði viðmið um ástand botndýralífs og mótvægisaðgerðir tilgreindar. Mikilvægt er að eldi hefjist ekki á ný að lokinni hvíld eldissvæða hafi hafsbotn ekki náð ásættanlegu ástandi samkvæmt viðmiðum Umhverfisstofnunar.

2.4 Fisksjúkdómar og laxalús

Skipulagsstofnun álitur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðs fiskeldis Háafells í innanverðu Ísafjarðardjúpi komi m.a. til með að felast í aukinni hættu á að sjúkdómar og laxalús berist frá eldinu í villta laxfiskastofna á svæðinu. Matvælastofnun vill árétta að skynsamlegt er að gera skýran greinarmun á áhrifum sjúkdómasmits á villta laxfiskastofna eftir eðli sjúkdómsvalda. Það getur reynst villandi að tengja saman áhættu af völdum örvera annars vegar (s.s. veirur og bakteríur) og sníkjudýra hins vegar (s.s. laxalús). Þá er einnig skýr munur á því hvort fjallað sé um dulið smit eða klínískan sjúkdóm. Reynslan hefur sýnt að smit af völdum bakteria eða veira skaða ekki eða ógna villtum laxafiskastofnum. Ekki er óalgengt að dulið og náttúrulegt smit örvera sé til staðar í villtum stofnum án þess að sjúkdóms verði nokkurn tíma vart með klínískum einkennum. Þetta á sérstaklega við um veirur. Þekktir veirusjúkdómar sem geta komið upp við eldisaðstæður í regnboga og þorski á borð við blóðþorra (ISA), brisdrep (IPN), brisveiki (PD), taugadrep (VNN) og veirublæði (VHS) hafa ekki sést í klínískri mynd í náttúrulegu umhverfi, jafnvel þó vitað sé að veirusmit leynist í hjörðinni. Það sama er hægt að segja um nýrnaveiki af völdum bakteríunnar *Renibacterium salmoninarum*, en klínísk nýrnaveiki og afföll hafa ekki

sést við náttúruleg skilyrði. Í fáeinum tilvikum hafa bakteríusýkingar komið upp og ollið tímabundnum búsisfjum í ám. Má af því tilefni vísa til kylaveikinnar sem kom upp í Elliðaánum síðla sumars 1995. Þess má geta að kylaveiki (af völdum *Aeromonas salmonicida* spp. *salmonicida*) hefur aldrei komið upp í íslensku fiskeldi og þótti á sínum tíma ljóst að smit í Elliðaánnar hefði borist með villtum laxi frá fæðustöðvum í hafi. Slíkir viðburðir eru einnig þekktir erlendis, en það sem er sameiginlegt með þessum tilfellum er að þau eru tímabundin og afturkræf. Í ljósi þessa vill Matvælastofnun undirstrika að áhætta af dreifingu mögulegra sjúkdómsvalda (öðrum en laxalús) úr eldisfiski í villtan fisk er hverfandi lítil. Eðli málsins samkvæmt er það fyrst og fremst eldisfiskurinn sjálfur sem er í mestri hættu, ekki ólíkt og í öðrum hjarðbúskap þar sem mörgum einstaklingum er haldið á afmörkuðu svæði. Það er því brýnt að eldisstöðvar hafi yfir öflugum smitvörnum að ráða og innra eftirliti og forvörnum sé sinnt í takt við lögbundnar kröfur um fiskeldi.

Þá nefnir Skipulagsstofnun að með auknu eldi aukist líkur á að laxalús magnist upp í og við eldiskvíar sem eykur smitálag á villta laxfiskastofna á nærliggjandi svæðum. Matvælastofnun telur að áhrif laxalúsasmits á villta laxfiska séu að öllu jöfnu ekki mikil. Helst er hætta á neikvæðum áhrifum á heilbrigði og velferð villtra laxfiska þegar seiði ganga í sjó að vori, en verulega dregur úr áhrifum með aukinni fjarlægð laxeldiskvía frá útgöngustöðum seiða. Miðað við staðsetningar þeirra sjókvíaeldissvæða sem hér eru til umfjöllunar er hætta á lúsasmiti í villta stofna hverfandi. Matvælastofnun tekur undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að vakta og meta lúsasmit á vissum árstíma þegar aðstæður eru hvað hagstæðastar lúsinni. Skv. núgildandi reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum skal eftirlit, m.a. með sníkjudýrum, vera áhættumiðað. Að þessu viðbættu er í lögum um fiskeldi kveðið á um að innra eftirlit sjókvíaeldisstöðva skuli m.a. fela í sér vöktun á viðkomu sníkjudýra í eldinu í samræmi við leiðbeiningar sem fram koma í reglugerð sem ráðherra setur og niðurstöður vöktunar skal birta opinberlega.

Einnig kemur fram í álitum Skipulagsstofnunar að nauðsynlegt sé að eldi Háafells og annarra óskyldra fyrirtækja sé samstíga hvað varðar hvíld svæða og alla vöktun til að lágmarka hættu á að smit frá eldinu berist á milli árgangasvæða. Í rekstrarleyfi Matvælastofnunar eru sett skilyrði um að rekstrarleyfið sé bundið við yfirlýsingu leyfishafa um að hann viðhafi í tilvikum þar sem eldi er stundað samhliða eldi annarra aðila, samræmda útsetningu seiða og hvíld eldisvæða innan sjókvíaeldissvæðis. Jafnframt er rekstrarleyfið bundið við að leyfishafi vinni, í slíkum tilvikum og eftir atvikum, með öðrum leyfishöfum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar. Slík ráðstöfun er mikilvægur þáttur í að tryggja a.m.k. 90 daga hvíldartíma svæða m.t.t. þekktra sjúkdómsvalda.

2.5 Erfðablöndun

Skipulagsstofnun telur óheppilegt að regnbogasilungur veiðist í veiðivötnum og ef það gerist í einhverju mæli kunnir það að hafa verulega neikvæð áhrif á orðspor viðkomandi áa og verðmæti veiðihlunninda, að minnsta kosti tímabundið. Skipulagsstofnun vísar til þess að leyfisveitendur, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun, gera í umsögnum sínum ekki athugasemdir við fyrirhugaðar staðsetningar sjókvía hvað varðar fjarlægðir frá laxveiðiám. Stofnunin vísar því til leyfisveitanda að meta hvort staðsetningar sjókvía samræmist fjarlægðarmörkum reglugerðar nr. 1170/2015, sbr. reglugerð nr. 54/2019.

Í álitum Skipulagsstofnunar var fjallað um að mikilvægt sé að staðallinn NS 9415:2009 eða sambærilegar kröfur verði innleiddar hér á landi og mikilvægt sé að eldið verði byggt upp í áföngum. Á þeim tíma sem umhverfismat Háafells var unnið var ekki lögbundin krafa um staðal fyrir sjókvíaeldisbúnað en með lagabreytingu 49/2014 var þeirri kröfu bætt við lögin. Eldisáætlun Háafells í Ísafjarðardjúpi gerir ráð fyrir nokkurra ára uppbyggingu eldisins þar sem fyrstu árin fara í að byggja upp eldismagnið sem rekstrarleyfið heimilar og er það í samræmi við tilmæli Skipulagsstofnunar um uppbyggingu eldisins í áföngum. Búnaður sjókvíaeldis Háafells verður samkvæmt staðlinum NS 9415:2009. Með því að notast við slíkan búnað er verið að tryggja að eldisbúnaðurinn standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó sem samræmist markmiðum laga um fiskeldi með því að koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Einnig ber að nefna að Háafell mun notast við hrygnustofn (all female) regnbogasilungs en það eru hrygnur sem geta myndað hrogn en eru kynbættar á þann hátt að kynþroski er síðbúinn.

Við leyfisveitingar fyrir sjókvíaeldisstöðvar skal miða við að þær séu ekki nær laxveiðiám en 5 km þar sem meðalveiði sl. 10 ár er yfir 100 löxum. Sé um að ræða ár með yfir 500 laxa meðalveiði skal fjarlægðin vera 15 km, nema notaðir séu stofnar af nærliggjandi vatnasvæði eða geldstofnar þá má stytta fjarlægðina niður í 5 km. Fyrir liggur að meðalveiði sl. 10 ár í Laugardalsá eru 264 laxar og sameiginleg meðalveiði fyrir Langadalsá og Hvannadalsá eru 368 laxar. Að því sögðu liggur fyrir að eldissvæði Háafells geti ekki verið nær umræddum laxveiðiám en 5 km. Fjarlægðir eldissvæða Háafells frá ós Laugardalsár og ós Langadals- og Hvannadalsár eru yfir 5 km.

2.6 Aðrar sjávarnytjar og samfélag

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á fiskveiðar ættu að vera lítil. Einnig bendir Skipulagsstofnun á að umfangsmikil þekking á útbreiðslu og ástandi rækjustofnsins og veiðislóðum í Ísafjarðardjúpi sé góður grunnur til að meta hugsanleg áhrif fiskeldisins á veiðihagsmunum. Skipulagsstofnun telur áhrif fiskeldis á rækjuveiðar verði óveruleg undir venjulegum kringumstæðum en geti orðið nokkuð neikvæð ef veiðanlegur hluti stofnsins heldur sig nærri eldissvæðum. Áhrifin verði þó tímabundin og afturkræf ef eldi verður hætt. Matvælastofnun tekur undir með Skipulagsstofnun um að áhrif framkvæmdarinnar á fiskveiðar ættu að vera lítil, tímabundin og afturkræf. Matvælastofnun telur að sjókvíaeldið geti laðað að sér nytjastofna sem sækja í fóður við kvíarnar og með því geta myndast ný veiðisvæði sem hugsanlega geti aukið veiði á svæðinu.

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu sé gerð góð grein fyrir sjávarþengdri ferðaþjónustu og ekkert hafi komið fram um að fyrirhuguð framkvæmd muni trufla slíka starfsemi með beinum hætti. Skipulagsstofnun telur að megin áhrif framkvæmdarinnar á ferðamenn verði sjónræns eðlis, þ.e. kvíar í sjó breyta ásýnd fjarða og ímyndinni um lítt eða ósnortna náttúru. Ljóst er að áform Háafells munu hafa áhrif á fleiri firði en nú er og fiskeldissvæði verða umfangsmeiri. Því telur Skipulagsstofnun líklegt að starfsemin muni setja verulegan svip á firði í innanverðu Ísafjarðardjúpi. Niðurstöður könnunar Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða um viðhorf ferðamanna benda til þess að áhrif á ferðaþjónustu verði hins vegar óveruleg til nokkur, með hliðsjón af umfangsmeira eldi. Vegna nálægðar við Djúpveg munu verða nokkur neikvæð sjónræn áhrif af kvíunum einkum við Skötufjörð, Seyðisfjörð og Álftafjörð svo og í Súðavík en þau eru afturkræf ef starfsemi verður hætt. Matvælastofnun telur framkvæmdina afturkræfa hvað varðar ásýnd ásamt því að auka atvinnutækifæri og stuðla að jákvæðri íbúáþróun á svæðinu.

2.7 Verndarsvæði

Í matsskýrslu kemur fram að nokkur svæði í nágrenni við fyrirhugaðar eldiskvíar eru í náttúruminjasrá. Skipulagsstofnun telur ljóst að gildi flestra verndarsvæða verði landslag, lífríki og jarðmyndanir á landi, sem fyrirhugað eldi muni ekki hafa áhrif á. Þá telur stofnunin að eldissvæði verði í öruggri fjarlægð frá óshólmum og leirum utan við Kaldalón. Matvælastofnun tekur undir álit Skipulagsstofnunar um að sjókvíaeldi Háafells muni ekki hafa áhrif á gildi verndarsvæða sem eru metin út frá landslagi, lífríki og jarðmyndunum á landi.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna rekstrarleyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Súðavíkurrepps og Strandabyggðar þann 29. mars 2019 og Ísafjarðarbæjar 8. maí 2020. Gögn sem fylgdu umsagnarbeiðnum voru matsskýrsla, viðbótargreinargerð vegna valkosta, viðauki um fjarlægðarmörk og fjölda laxa, álit Skipulagsstofnunar og yfirlit yfir staðsetningar eldissvæða Háafells. Umsagnir bárust ekki frá Fiskistofu og Súðavíkurreppi vegna leyfisveitingarinnar. Einnig óskaði Matvælastofnun eftir samráði við Hafrannsóknastofnun og umsögnum Ísafjarðarbæjar, Súðavíkurrepps og Strandabyggðar vegna fjarlægðar eldissvæðis Háafells og Arctic Sea Farm í Skötufirði.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar, dags. 24. ágúst 2019, minnir stofnunin á mikilvægi þess að minnka líkur á smiti laxa og fiskilúsar með viðeigandi fyrirbyggjandi aðgerðum (t.d. lúsarpílsi og hreinsifiski). Jafnframt vísar Hafrannsóknastofnun í fyrri umsagnir en gerir ekki frekari athugasemdir. Í fyrri umsögnum Hafrannsóknastofnunar vegna framkvæmdarinnar kemur fram að stofnunin telji ekki að fyrirhugað eldi muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og að kvíastæði Háafells muni ekki takmarka fyrirhugaðar

rækjurannsóknir Hafrannsóknastofnunar á næstu árum. Einnig kemur fram að á þessu stigi sé ekki hægt að meta áhrif og virkni mótvægisáðgerða vegna laxalúsar. Ef upp komi vandamál vegna mögnunar laxalúsar þá sé mikilvægt að virkt samráð sé milli eldisaðila og eldissvæða, og samhæfða eldisferla og aðrar mótvægisáðgerðir. Matvælastofnun tekur fram að rekstrarleyfi stofnunarinnar er bundið við að leyfishafi vinni, í slíkum tilvikum og eftir atvikum, með öðrum leyfishöfum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar. Slík ráðstöfun er mikilvægur þáttur í að tryggja a.m.k. 90 daga hvíldartíma svæða m.t.t. þekktra sjúkdómsvalda.

Í umsögn Strandabyggðar, dags. 17. apríl 2019, var bókað að sveitastjórnin fagni áformum um atvinnuuppbyggingu Háafells og gerir ekki athugasemdir við umrædd áform. Sveitarstjórn samþykkir þá niðurstöðu og felur sveitastjóra að tilkynna hlutaðeigandi um niðurstöðuna.

Í umsögn Ísafjarðarbæjar, dags. 28. maí 2020, kemur fram að Ísafjarðarbær telur að fyrirhuguð starfssvæði fiskeldisstöðvarinnar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisáðferðir gefi ekki tilefni til mikilla eða óafturkræfra neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðihrifa. Þó bendir Ísafjarðarbær á mikilvægi staðalsins NS 9415:2009, eða sambærilegar kröfur, séu mikilvægar í mótvægi við hugsanleg neikvæð vistfræði- eða erfðafræðihrif sem og að vöktun á uppsöfnun lífræns úrgangs á sjávarbotni, undir og við eldiskvíar í Skötufirði byggji á staðlinum ISO 12878. Við eldið mun Háafell notast við eldisbúnað sem stenst kröfur NS 9415:2009 skv. lögum og reglugerð um fiskeldi. Jafnframt mun vöktun á uppsöfnun lífræns úrgangs á sjávarbotni undir og við allar eldiskvíar Háafells byggja á ISO 12878.

Haft var samráð við Hafrannsóknastofnun og leitað umsagna sveitarstjórna varðandi fjarlægðir eldissvæðis Háafells (Skarð) og Arctic Sea Farm í Skötufirði. Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemd vegna fjarlægðar milli eldissvæðanna. Í umsögn Súðavíkurrepps, dags. 15. maí 2020, kemur fram að sveitarstjórnin hafi ekki forsendur til þess að meta lágmarksfjarlægð milli eldisstöðva óskyldra aðila, en leggast ekki gegn því að styttra sé á milli eldissvæða en 5 km. Súðavíkurreppur setji ekki fyrirvara við að styttra sé á milli að því gefnu að forsendur leyfi það og viðkomandi stofnanir. Í umsögn Strandabyggðar, dags. 20. maí 2020, kemur fram að Strandabyggð geri ekki athugasemd um málið og í umsögn frá Ísafjarðarbæ, dags. 28. maí 2020, kemur fram að halda skuli útgefnum fjarlægðarmörkum milli sjókvíaeldisstöðva ótengdra aðila skv. reglugerð um fiskeldi.

Matvælastofnun hefur ákveðið að gefa út rekstrarleyfið með staðsetningu í Skötufirði sem er innan sveitarfélagsmarka Súðavíkurrepps og er staðsetning Háafells (Skarð) í minna en 5 km fjarlægð frá ótengdum aðila. Við ákvörðunina hafði stofnunin hliðsjón af samráði við Hafrannsóknastofnun, umsögn Súðavíkurrepps og þess að rekstrarleyfi Arctic Sea Farm hefur aldrei verið í notkun og hefur gildistíma til ársins 2022. Þá er umrætt eldissvæði ekki hluti af áformum um eldi Arctic Sea Farm í Ísafjarðardjúpi.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma vegna rekstrarleyfistillögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun bárust athugasemdir frá sex aðilum á auglýsingartíma. Athugasemdirnar voru frá Viðari Má Matthíassyni f.h. eigenda Ármúla I og II og Melgraseyrar, Rögnvaldi Guðmundssyni f.h. AkvaFuture, Arngerði Jónsdóttur f.h. eigenda Arngerðareyrar og Laugarbóls í Ísafirði, Guðmundi H. Jónssyni og Þorláki Traustasyni f.h. Veidifélaga Langadalsár- og Hvannadalsárdeildar, Elíasi Blöndal Guðjónssyni f.h. Landssambands veiðifélaga og Óttari Yngvasyni f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagssins Laxinn lífi, Geiteyri ehf. og Akurholti ehf., eigenda Haffjarðarar í Hnappadal, Veiðifélags Laxár á Ásum, Atla Árdal Ólafssonar eiganda hluta veiðiréttar í Hvannadalsá, Langadalsá og Þverá í innanverðu Ísafjarðardjúpi og Varplands ehf., eiganda hluta veiðiréttar í Langadalsá og Hvannadalsá í innanverðu Ísafjarðardjúpi.

Hér á eftir fylgir úrdráttur úr erindum ofangreindra aðila og viðbrögð Matvælastofnunar við þeim athugasemdum sem þar koma fram og tilheyra verksviði Matvælastofnunar.

Landeigendur Ármúla I og II og Melgraseyrar sendu inn athugasemdir þann 9. desember 2019

- *Landeigendur Ármúla I og II og Melgraseyrar gera kröfu um að beiðni Háafells ehf. um rekstrarleyfi verði hafnað. Landeigendur telja að Háafell ehf. hafi ekki fullnægt þeirri sönnunarskyldu sem á félaginu hvílir um hver séu í raun umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og að félagið hafi því ekki fullnægt þeim kröfum um rannsóknir þ.m.t. á uppeldissvæðum flatfisks og kræklinga á leirum Kaldalóns, sjóbleikjustofnsins og búsvæðum fugla sem og valkostagreiningu við mat á umhverfisáhrifum til þess að stjórnvaldið, MAST, geti fallist á beiðni um útgáfu rekstrarleyfis.*

Matvælastofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á fiskveiðar ættu að vera lítil, tímabundin og afturkræf. Jafnframt getur sjókvíaeldið laðað að sér nytjastofna sem sækja í fóður við kvíarnar og með því geta myndast ný veiðisvæði sem hugsanlega geti aukið veiði á svæðinu. Jafnframt gerir Umhverfisstofnun kröfu um að í vöktunaráætlun Háafells verði fylgst með fuglalífi í nálægð við eldissvæði í Ísafjarðardjúpi.

Ítrekað er það mat stofnunarinnar að áhrif laxalúsasmits á villta laxfiska séu að öllu jöfnu ekki mikil. Helst er hættu á neikvæðum áhrifum á heilbrigði og velferð villtra laxfiska af völdum laxalúsar þegar seiði ganga í sjó að vori, en verulega dregur úr áhrifum með aukinni fjarlægð laxeldiskvía frá útgöngustöðum seiða. Miðað við staðsetningar þeirra sjókvíaeldissvæða sem hér eru til umfjöllunar er hættu á lúsasmiti hverfandi.

Við afgreiðslu á umsókn Háafells ehf. vegna 6.800 tonn af regnbogasilungi og 200 tonn af þorski liggur fyrir umhverfismat, sbr. lög nr. 106/2000, og hefur Matvælastofnun kynnt sér og tekið rökstudda afstöðu til matsins og álits Skipulagsstofnunar, viðbótargreinargerð vegna valkosta og umsagnar Skipulagsstofnunar vegna viðbótargreinargerðarinnar auk annarra gagna sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins. Fyrir liggur hvaða áhrif ákvörðunin um leyfisveitinguna hefur á náttúruna, enda er það tilgangur laga nr. 106/2000 og matsins sem unnið er skv. þeim lögum að upplýsa um áhrifin. Af þessum sökum telur stofnunin að ekki skorti vísindalega þekkingu um áhrif framkvæmdarinnar til að taka ákvörðun um útgáfu leyfisins, né að nokkuð hafi komið fram sem hindri útgáfu þess eða bendi til að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu alvarleg eða óafturkræf.

Varðandi umfjöllun um valkostagreiningu vísar stofnunin til inngangskafla 2.1 um afstöðu til mats á umhverfisáhrifum.

AkvaFuture sendi inn athugasemdir þann 12. desember 2019

- *AkvaFuture mótmælir harðlega að Háafelli verði úthlutað fjölmörgum eldissvæðum sem fyrirtækið hyggst ekki nýta í fyrirhugaða framkvæmd og fái áfram úthlutað ónotuðum svæðum skv. fyrri rekstrarleyfi.*

Eldra rekstrarleyfi sem gefið er út á Hraðfrystihúsið Gunnvör sbr. útlistun í kafla 1 var gefið út 2. maí 2012 og hefur verið notað til framleiðslu á bæði þorski og regnbogasilungi. Ljóst er að leyfið hefur sannarlega verið nýtt til sjókvíaeldis. Þá liggur fyrir að framkvæmdaraðili er tilbúinn með sjókvíaeldisbúnað og seiði til útsetningar í sumar eins og áætlanir hans gera ráð fyrir.

- *AkvaFuture gerir athugasemd við að Háafell gefi ekki upp staðsetningu og afstöðumynd af væntanlegri starfsemi með legu og stærð einstakra eldiseininga. Einnig er gerð athugasemd við ónauðsynlega dreifingu eldissvæða yfir stór strandsvæði með tilheyrandi víðáttumiklum helgunarsvæðum.*

Staðsetningar eldissvæða sem Háafell hyggst nota liggja fyrir. Matvælastofnun gerir kröfu um að eldisbúnaður sé staðsettur innan eldissvæða sem úthlutað verða við útgáfu rekstrarleyfis. Mismunandi er hversu mikinn fjölda fiska fyrirtæki setja út og eru eldiseiningar í samræmi við umfang fisks sem er útsettur á hverju ári og mun fylgja hverju eldissvæði stöðvarskirteini sem útlistar uppsetningu búnaðar og rúmmál eldiseininga skv. kröfum í reglugerð nr. 1170/2015 um fiskeldi. Framkvæmd Háafells, sem gerir ráð fyrir umræddum eldissvæðunum, hefur farið í gegnum umhverfismat skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og grundvallast ákvörðun Matvælastofnunar um útgáfu rekstrarleyfisins m.a. á því mati.

- *Vegna hagsmuna annarra fyrirtækja sem áforma eldi í Ísafjarðardjúpi er gerð krafa um að MAST rýni gaumgæfilega rekstraráætlun Háafells og geri rekstraraðila skýrlega grein fyrir afleiðingum þess að*

lögum og reglum verði ekki fylgt (t.d. forsendubrestur). Bent er á ákvæði 4. gr. a. í lögum um fiskeldi „Hafrannsóknastofnun ákveður skiptingu fjarða eða hafsvæða í eldissvæði á grundvelli burðarþols og bestu heildarnýtingar mögulegra eldissvæða.“

Rekstraráætlun og eldisáætlun liggja fyrir og ljóst er að Háafell hefur nú þegar seiði til útsetningar. Varðandi 4. gr. a. í lögum um fiskeldi bendir Matvælastofnun á II. ákvæði til bráðabirgða þar sem kemur fram að meðferð og afgreiðsla umsókna um rekstrarleyfi fyrir sjókvíaeldi á hafsvæðum sem hafa verið metin til burðarþols og þar sem málsmeðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, er lokið fyrir gildistöku þessa ákvæðis fari eftir eldri ákvæðum laganna. Ákvæði þetta á við um málsmeðferð vegna leyfisútgáfu Háafells sem hér er fjallað um.

Eigendur Arngerðareyrar og Laugarbóls sendu inn athugasemdir þann 12. desember 2019

- *Eigendur Arngerðareyrar og Laugarbóls mótmæla því að heimilað verði 7.000 tonna sjókvíaeldi í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells eins og drög að starfsleyfi og rekstrarleyfi gera ráð fyrir. Veruleg hættu er á að mengandi starfsemi, eins og sjókvíaeldis af þessu umfangi, muni rýra verðmæti og hlunnindi jarðanna og skerða möguleika til nýtingar þeirra, s.s. hvað varðar veiðinýtingu, ósnortna náttúru, ferðaþjónustu o.fl. Því miður virðast einstaklingar mega sín lítils gangvart ásælni fjársterkra aðila, sem ásælast afnot af eignum annarra með beinum eða óbeinum hætti. Oft virðist þetta leiða til þess að þær stofnanir sem vonir standa til að geti gætt hagsmunum einstaklinga og náttúrunnar, hafi lítið mótþægi. Miðað við fyrrgreindar forsendur telja eigendur Arngerðareyrar og Laugarbóls að hafna eigi útgáfu umrædds rekstrarleyfis.*

Þrátt fyrir að fiskeldi geti haft í för með sér ákveðna áhættu hefur verið tekin sú pólitíska ákvörðun um að leyfa fiskeldi í sjó héraendis. Jafnframt hefur í löggjöf verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögnum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austurland falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Ísafjarðardjúp.

Við afgreiðslu á umsókn Háafells ehf. vegna 6.800 tonn af regnbogasilungi og 200 tonn af þorski liggur fyrir umhverfismat, sbr. lög nr. 106/2000, og hefur Matvælastofnun kynnt sér og tekið rökstudda afstöðu til matsins og álits Skipulagsstofnunar, viðbótargreinargerð vegna valkosta og umsagnar Skipulagsstofnunar vegna viðbótargreinargerðarinnar auk annarra gagna sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins. Fyrir liggur hvaða áhrif ákvörðunin um leyfisveitinguna hefur á náttúruna, enda er það tilgangur laga nr. 106/2000 og matsins sem unnið er skv. þeim lögum að upplýsa um áhrifin. Af þessum sökum telur stofnunin að ekki skorti vísindalega þekkingu um áhrif framkvæmdarinnar til að taka ákvörðun um útgáfu leyfisins, né að nokkuð hafi komið fram sem hindri útgáfu þess eða bendi til að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu alvarleg eða óafturkræf.

Veidifélag Langadalsár- og Hvannadalsárdeildar sendi inn athugasemdir þann 12. desember 2019

- *Veidifélag Langadalsár- og Hvannadalsárdeildar mótmæla harðlega öllum áformum um eldi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi og áskilur sé allan rétt veiðiréttareigenda til skaðabóta ef leyfi verði veitt. Ekki hefur verið sýnt fram á skaðleysi sjókvíaelda, þvert á móti hafa rannsóknir frá Noregi sýnt fram á gríðarlega skaðsemi á laxveiðiár. Með útgáfu leyfis er verið að hafa af mönnum eignarréttindi sem eru varin og er það alfarið á ábyrgð þess sem veitir slík leyfi. Skaðsemin kemur fram strax af afspurn og ímynd*

laxveiðiáa í Ísafjarðardjúpi, með gríðarlegri hættu á fisksjúkdómum og að laxalús berist í villta laxastofna. Veiðifélögin vilja að Ísafjarðardjúp og Jökulfirðir verði friðaðir fyrir sjókvíaeldi á laxfiskum eins og gert hefur verið við stóran hluta af strandlengju Íslands.

Þrátt fyrir að fiskeldi geti haft í för með sér ákveðna áhættu hefur verið tekin sú pólitíska ákvörðun um að leyfa fiskeldi í sjó hérlendis. Jafnframt hefur í löggjöf verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfis skyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austurland falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Ísafjarðardjúp.

Það er mat stofnunarinnar að áhrif laxalúsasmits á villta laxfiska séu að öllu jöfnu ekki mikil. Helst er hættu á neikvæðum áhrifum á heilbrigði og velferð villtra laxfiska af völdum laxalúsar þegar seiði ganga í sjó að vori, en verulega dregur úr áhrifum með aukinni fjarlægð laxeldiskvía frá útgöngustöðum seiða. Miðað við staðsetningar þeirra sjókvíaeldissvæða sem hér eru til umfjöllunar er hættu á lúsasmiti hverfandi.

Við afgreiðslu á umsókn Háafells ehf. vegna 6.800 tonn af regnbogasilungi og 200 tonn af þorski liggur fyrir umhverfismat, sbr. lög nr. 106/2000, og hefur Matvælastofnun kynnt sér og tekið rökstudda afstöðu til matsins og álits Skipulagsstofnunar, viðbótargreinargerð vegna valkosta og umsagnar Skipulagsstofnunar vegna viðbótargreinargerðarinnar auk annarra gagna sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins. Fyrir liggur hvaða áhrif ákvörðunin um leyfisveitinguna hefur á náttúruna, enda er það tilgangur laga nr. 106/2000 og matsins sem unnið er skv. þeim lögum að upplýsa um áhrifin. Af þessum sökum telur stofnunin að ekki skorti vísindalega þekkingu um áhrif framkvæmdarinnar til að taka ákvörðun um útgáfu leyfisins, né að nokkuð hafi komið fram sem hindri útgáfu þess eða bendi til að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu alvarleg eða óafturkræf.

Landssamband veiðifélaga sendi inn athugasemdir þann 12. desember 2019

- *LV leggur áherslu á að umsækjandinn Háafell sýni fram á að hann hyggi raunverulega á regnbogaeldi í Ísafjarðardjúpi með því að fullnýta þau leyfi sem hann ræður nú þegar yfir áður en aukning á eldisheimildum honum til handa kemur til álita. LV þykir að það blasi við að tilgangur fyrirtækisins sé annar með öflun aukinna eldisheimilda á regnbogasilungi, en látið er í veðri vaka.*

Eldra rekstrarleyfi sem gefið er út á Hraðfrystihúsið Gunnvör sbr. útlistun í kafla 1 var gefið út 2. maí 2012 og hefur verið notað til framleiðslu á bæði þorski og regnbogasilungi. Ljóst er að leyfið hefur sannarlega verið nýtt til sjókvíaeldis. Þá liggur fyrir að framkvæmdaraðili er tilbúinn með sjókvíaeldisbúnað og seiði til útsetningar í sumar eins og áætlanir hans gera ráð fyrir. Jafnframt gerir eldisáætlun Háafells ráð fyrir uppbygginu eldisins á næstu árum. Rekstrarleyfið sem hér er fjallað um á við um sjókvíaeldi á regnbogasilungi og þorski. Háafell áformar aukið sjókvíaeldi í Ísafjarðardjúpi og er það önnur framkvæmd sem er matsskyld.

- *LV leggur áherslu á að leyfisveitandi kanni áreiðanleika upplýsinga fyrirtækisins varðandi fjárfestingakostnað og hlutfall eiginfjár.*

Borist hafa öll gögn er varða áætlun um fjármögnun mannvirkja og annars búnaðar ásamt staðfestingu á eigin fé vegna eldisins og stenst Háafell ákvæði laganna varðandi þessa þætti.

- *LV nefnir að undanfarin ár hafi borist fjölmargar tilkynningar um regnbogasilung í öllum landshlutum þótt eldið hafi verið staðsett á tveimur stöðum þ.e. á sunnanverðum Vestfjörðum og Austfjörðum. Verður að hafa í huga þegar tekin er ákvörðun um hvort gefa skuli út rekstrarleyfi fyrir allt að 6.800 tonna árlegri framleiðslu. Af framangreindu verður því að gera ráð fyrir að strokufiskur úr 6.800 tonna regnbogasilungseldi á Vestfjörðum komi fram í miklu mæli í ám á Vestur- og Norðurlandi.*

LV gerir kröfu um að leyfisveitandi sinni þeirri lögbundnu skyldu sinni að fjalla með rökstuddum hætti um þá hagsmuni sem um er að ræða. Markmiðsákvæði laga um fiskeldi, eins og þau eru skýrð í greinargerð með lögunum, leggja þá skyldu á Matvælastofnun að hafa skýr fyrirmæli laganna til hliðsjónar við ákvörðun um hvort veita skuli Háafelli ehf. rekstrarleyfi til eldis á regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi. Við þá ákvörðun skiptir máli hvort umsækjandinn hefur raunverulega og sannarlega hagsmuni af útgáfu rekstrarleyfisins sem tillaga er um. LV telur svo ekki vera. Hagsmunir þeirra sem nýta villta stofna hafa verið rannsakaðir og metnir af opinberum viðurkenndum aðila og eru birtir í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Þeir hagsmunir eru ótvíræðir.

Þrátt fyrir að fiskeldi geti haft í för með sér ákveðna áhættu hefur verið tekin sú pólitíska ákvörðun um að leyfa fiskeldi í sjó hérlendis. Jafnframt hefur í löggjöf verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaelði standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austurland falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingu, þ.m.t. Ísafjarðardjúp.

- *LV gerir athugasemdir við að leyfisveitandi skuli styðja útgáfu rekstrarleyfis til Háafells ehf. gögnum Skipulagsstofnunar (álit) sem tilheyrir sannarlega öðrum lögaðila (Hraðfrystihúsið Gunnvör) sem er í allt annarri og sterkari stöðu en umsækjandinn sem hér er um að ræða.*

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. lagði fram matsskýrslu til Skipulagsstofnunar í febrúar 2015 og var álit Skipulagsstofnunar gefið út þann 1. apríl 2015. Háafell ehf. sem er í fullri eigu Hraðfrystihúss Gunnvarar hf. vann síðar viðbót við matsskýrslu vegna valkosta framkvæmdarinnar, einkum hvað varðar núllkost, staðsetningar kvía, umfang eldis, landeldi, lokaðar kvíar, eldisferil, geldfisk eða hrygnustofna og valinn kost. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér matsskýrslu, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, sem og niðurstöður álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, ásamt viðbót og umsögn Skipulagsstofnunar um viðbót og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

- *Með tilliti til laxalúsar og sjúkdómahættu þá minnir LV á að í Ísafjarðardjúpi falla laxveiðiár með eigin laxastofna sem í eru fólgin mikil verðmæti (náttúruverðmæti og fjárhagsleg verðmæti) og þar séu einnig mikilvægustu uppeldisstöðvar nytjastofna við landið. LV leggur áherslu á að gæta verði ákvæða 9. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013 um að ekki megi beita skorti á vísindalegri þekkingu sem rökum við ákvörðun sem tekin er á grundvelli laganna.*

Við afgreiðslu á umsókn Háafells ehf. vegna 6.800 tonn af regnbogasilungi og 200 tonn af þorski liggur fyrir umhverfismat, sbr. lög nr. 106/2000, og hefur Matvælastofnun kynnt sér og tekið rökstudda afstöðu til matsins og álits Skipulagsstofnunar, viðbótargreinargerð vegna valkosta og umsagnar Skipulagsstofnunar vegna

viðbótargreinargerðarinnar auk annarra gagna sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins. Fyrir liggur hvaða áhrif ákvörðunin um leyfisveitinguna hefur á náttúruna, enda er það tilgangur laga nr. 106/2000 og matsins sem unnið er skv. þeim lögum að upplýsa um áhrifin. Af þessum sökum telur stofnunin að ekki skorti vísindalega þekkingu um áhrif framkvæmdarinnar til að taka ákvörðun um útgáfu leyfisins, né að nokkuð hafi komið fram sem hindri útgáfu þess eða bendi til að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu alvarleg eða óafturkræf.

Ítrekað er það mat stofnunarinnar að áhrif laxalúsasmits á villta laxfiska séu að öllu jöfnu ekki mikil. Helst er hættu á neikvæðum áhrifum á heilbrigði og velferð villtra laxfiska af völdum laxalúsar þegar seiði ganga í sjó að vori, en verulega dregur úr áhrifum með aukinni fjarlægð laxeldskvía frá útgöngustöðum seiða. Miðað við staðsetningar þeirra sjókvíaeldissvæða sem hér eru til umfjöllunar er hættu á lúsasmiti hverfandi.

- *LV gerir kröfu til þess að Matvælastofnun fjalli með ítarlegum og rökstuddum hætti um valkostagreiningu framkvæmdaraðila á núllkosti sem er í meginatriðum byggð á gömlum og úreltum upplýsingum um samfélagsleg áhrif og þar með er greining valkosta meingölluð og ónothæf sem grundvöllur ákvörðunar um útgáfu rekstrarleyfis. Í umsögn Skipulagsstofnunar er vísað til þeirrar niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 22/2009 að mat á framkvæmdarkostum skuli reist á hlutlægum og málefnalegum grunni. Sú umfjöllun sem hér er ræðir uppfyllir hvorugt þessa skilyrða. Útilokun núllkosti er því á röngum forsendum. Ljóst er að jafn umfangsmikil framkvæmd og hér er til meðferðar getur haft mjög neikvæð samfélagsleg áhrif á ekki stærra nærsamfélag en hér er ræðir, þar sem fyrirliggjandi gögn sýna að ekki er rekstrargrundvöllur fyrir hendi.*

Varðandi umfjöllun um valkostagreiningu vísar stofnunin til inngangskafla 2.1 um afstöðu til mats á umhverfisáhrifum.

Óttar Yngvason sendi inn athugasemdir þann 12. desember 2019 f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagssins Laxinn lífi, Geiteyri ehf. og Akurholti ehf., eigenda Haffjarðarár í Hnappadal, Veidifélags Laxár á Ásum, Atla Árdal Ólafssonar eiganda hluta veiðiréttar í Hvannadalsá, Langadalsá og Þverá í innanverðu Ísafjarðardjúpi og Varplands ehf., eiganda hluta veiðiréttar í Langadalsá og Hvannadalsá í innanverðu Ísafjarðardjúpi.

- *Vísað er til að MAST hafi ekki borist umsókn enda fylgdi hún ekki með á netið samhliða tillögu um RL*

Matvælastofnun staðfestir að umsókn vegna framkvæmdarinnar barst stofnuninni.

- *Gerð er athugasemd við fjarlægð eldissvæða við veiðiár og að fjarlægðirnar séu minni en 15 km við ár sem hafa 500 laxa veiði. Hér er átt við Langadalsá, Hvannadalsá og Laugardalsá. Aðeins eru 5 km frá sameiginlegum ósi Laugardalsár að fyrirhuguðum eldiskvíum við Blævardal og álíka fjarlægð er frá ósi Laugardalsár að fyrirhuguðum eldiskvíum við Bæjarhlíð. Allar 17 kvíastaðsetningarnar eru innan við 15 km frá ósi Laugardalsár.*

Við leyfisveitingar fyrir sjókvíaeldisstöðvar skal miða við að þær séu ekki nær laxveiðiám en 5 km þar sem meðalveiði sl. 10 ár er yfir 100 löxum. Sé um að ræða ár með yfir 500 laxa meðalveiði skal fjarlægðin vera 15 km, nema notaðir séu stofnar af nærliggjandi vatnasvæði eða geldstofnar þá má stytta fjarlægðina niður í 5 km. Fyrir liggur að meðalveiði sl. 10 ár í Laugardalsá eru 264 laxar og sameiginleg meðalveiði fyrir Langadalsá og Hvannadalsá eru 368 laxar. Að því sögðu liggur fyrir að eldissvæði Háafells geti ekki verið nær umræddum laxveiðiám en 5 km. Fjarlægðir eldissvæða Háafells frá ós Laugardalsár og ós Langadals- og Hvannadalsár eru yfir 5 km.

- *Gerð er athugasemd um að ekkert sé fjallað um í tillögu að rekstrarleyfi um upplýsingaskyldu til almennings og hagsmunaaðila.*

Í lögum nr. 71/2008 um fiskeldi er gerð krafa um að Matvælastofnun birti upplýsingar úr eftirliti og um framleiðslu skv. 19. gr. b. ásamt því að birta upplýsingar vegna afturköllunar rekstrarleyfa, ákvarðana um

úrbætur á kostnað rekstrarleyfishafa, álagningu dagsekta og ákvarðana um álagningu stjórnvaldssekta skv. 19. gr. c.

- *Gerð er athugasemd um að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfunum skv. a-lið 75. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, varúðarreglu sömu laga, rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga og 1. mgr. laga um fiskeldi. Jafnframt er bent á ákvæði 63. gr. laga nr. 60/2013 um innflutning og dreifingu á framandi lífverum.*

Við afgreiðslu á umsókn Háafells ehf. vegna 6.800 tonn af regnbogasilungi og 200 tonn af þorski liggur fyrir umhverfismat, sbr. lög nr. 106/2000, og hefur Matvælastofnun kynnt sér og tekið rökstudda afstöðu til matsins og álits Skipulagsstofnunar, viðbótargreinargerð vegna valkosta og umsagnar Skipulagsstofnunar vegna viðbótargreinargerðarinnar auk annarra gagna sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins. Fyrir liggur hvaða áhrif ákvörðunin um leyfisveitinguna hefur á náttúruna, enda er það tilgangur laga nr. 106/2000 og matsins sem unnið er skv. þeim lögum að upplýsa um áhrifin. Af þessum sökum telur stofnunin að ekki skorti vísindalega þekkingu um áhrif framkvæmdarinnar til að taka ákvörðun um útgáfu leyfisins, né að nokkuð hafi komið fram sem hindri útgáfu þess eða bendi til að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu alvarleg eða óafturkræf.

Umhverfisstofnun sinnir stjórnsýslu skv. 63. gr. laga nr. 60/2013, jafnframt er rétt er að upplýsa að innflutningur á regnbogasilungshrognum hófst árið 1951 og hefur eldi á regnbogasilungi verið hér á landi frá þeim tíma, en einnig hefur regnbogasilungi verið notaður í fiskrækt.

- *Gerð er athugasemd um að í málsmeðferð Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar hafi lögvernduðum eignarréttindum annarra í engu verið sinnt.*

Þrátt fyrir að fiskeldi geti haft í för með sér ákveðna áhættu hefur verið tekin sú pólitíska ákvörðun um að leyfa fiskeldi í sjó hérlendis. Jafnframt hefur í löggjöf verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögnum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austurland falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Ísafjarðardjúp.

- *Gerð er athugasemd við að ekki sé fjallað um ábyrgðartryggingu vegna tjóns veiðiréttareigenda vegna eldisstarfseminnar í starfs- og rekstrarleyfi.*

Fyrirtækið hefur lagt fram tryggingu sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru skv. löggjöfinni. Ekki er gerð krafa um að fjallað sé sérstaklega um hana í rekstrarleyfinu sjálfu.

- *Gerð er athugasemd um að í tillögu að rekstrarleyfi sé ekki fjallað um skyldu rekstraraðila til að örmerkja 10% af sleppingu vegna allt að 100 þúsund seiða sleppingu, en að lágmarki 20 þúsund seiði við stærri sleppingar. Ekkert er heldur minnst á skyldu til merkingar a.m.k. 5000 fiska með útvortis merkjum. Sjá hér 3. tl. 4. gr. reglugerðar nr. 105/2000.*

Ekki er gerð krafa um að fjallað sé sérstaklega um merkingar í rekstrarleyfinu sjálfu, um slíkt fer skv. ákvæðum laga og reglna hverju sinni. Í athugasemdinni er jafnframt vísað til skyldu aðila sem stunda hafbeit til að

örmerkja seiði, en hafbeit er skilgreind sem: „*slepping gönguseiða til sjögöngu og veiði fiska að sjávardvöl lokinni, er þeir ganga í fiskeldisstöð eða veiðivatn.*“ Ákvæði um hafbeit á ekki við um sjókvíaeldi Háafells.

5. Breytingar frá auglýstri tillögu

Tillaga að rekstrarleyfi var auglýst með framleiðslumagni og hámarkslífmassa en lög um fiskeldi gera ráð fyrir að stærð fiskeldisstöðvar sé sett fram í leyfilegum lífmassa og er rekstrarleyfið því gefið út með hámarkslífmassa. Einnig var bætt við upplýsingum um að regnbogasilungurinn sem Háafell mun ala sé hrygnustofn (all female).

6. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Háafells í Ísafjarðardjúpi. Rekstrarleyfið heimilar 6.800 tonna hámarkslífmassa af regnbogasilungi og 200 tonna hámarkslífmassa af þorski á hverjum tíma og hámarkslífmassi á hverju sjókvíaeldissvæði er 3.500 tonn. Rekstrarleyfið nær til kynslóðaskipts sjókvíeldis í Ísafjarðardjúpi á þremur sjókvíaeldissvæðum. Sjókvíaeldissvæði A er í Álftafirði (innan við Langeyri, utan við Langeyri og Kofradýpi), Seyðisfirði (innan við Eyri, utan við Eyri og Kambsnes) og Skötufirði (Skarð, Skarðshlíð og Ögurnes). Sjókvíaeldissvæði B er við Bæjarhlíð (Ármúli, Kaldalón og Bæjarhlíð) og Sjókvíaeldissvæði C er í Mjóafirði (Látur og Vatnsfjarðarnes) og Ísafirði (Blævardalur, Biskupsvík og Hamar).

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerðar nr. 1170/2015 um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir fönfum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldisstöðvar er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.

Samhliða útgáfu rekstrarleyfis Matvælastofnunar afhendir stofnunin útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Á sama tíma og rekstrarleyfið tekur gildi (FE-1106) fellur úr gildi eldra rekstrarleyfi fyrir 2.000 tonna eldi á þorski og regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi (FE-1090). Rekstrarleyfið gildir til 29. maí 2024.

Selfossi, 29. maí 2020